

Fundur 5.2.2024 Evangeliste frá Grikklandi, var uppi fyrir ca 600 árum.

Góða kvöldið komið þið sæl.

*Gott kvöld.*

Hef ég ekki talað til ykkar áður og gleður það mig að vera komin í samband við ykkar sambandsstöð og finnum við það greinilega að hópur ykkar er á frumlífs jörð, gömlu jörðinni, sem við eitt sinn tilheyrðum.

Og eru þið að vinna brautryðjanda störf og minnst ég þess er ég kom á mína fyrstu framlífs jörð að ég undraðist að erfiðara var að koma í gegn þeim skilaboðum að við værum líkamleg en ekki andar til gömlu jarðarinnar en til margra þeirra hnatta þar sem við ekki þekktum fólkið.

En það er nú munurinn á mörgum framlífs jörðum og frumlífs jörðum.

Myndi ég gjarnan vilja að þið finnduð fyrir orku þeirri sem hjá okkur er, og höfum við áhuga á því að efla frumlífs jarðirnar til sambands og viljum við bægja frá helstefnu samböndum og vonum að það takist.

Þekki ég það af eigin raun hvernig lífið er á slíkum hnöttum og veit ég hversu erfitt það er líkamlega og andlega og vonum við að hnöttur ykkar verði sem mest laus við þau áhrif.

Hef ég nú um nokkuð langt skeið tilheyrt framlífs hnöttum þar sem stefnt hefur verið upp á við að sífellt meiri kærleika og friði, og býst ég við að flestir á mínum hnetti hafi áhuga á því að hjálpa til og senda orku og bæta ástandið þar sem þess er þörf.

En það eru nú misjöfn móttöku skilyrðin og miserfitt að koma inn í aðstæður, er hér að vísu uppi margvíslegar hreyfingar og freistingin er sú hjá okkur sem komin eru á lífstefnu brautina að gleyma frumlífs jörðunum og margvíslegum vandamálum þeim tengdum.

En er ég hluti af nokkrum hópum sem hafa það að markmiði að skilja betur tilveruna og margvísleg vandamál þau sem við og aðrir hafa lent í á helstefnu hnöttum, eða frumlífs jörðum okkar og get ég aldrei gleymt atburðum þeim sem gerðust á frumlífs jörð minni og framlífs jörðum fyrstu og vil ég gjarnan fara út í það hér í kvöld.

Það litar tilveruna og skoðanir og margt af því þess eðlis að maður vill gleyma, en það rifjast upp.

Finnst mér það einnig merkilegt að á sumum framlífs jörðum eru þær hreyfingar uppi að fólk vill gleyma þeim minningum sem erfiðar eru, en svo eru aðrir sem vilja læra af því og það mun teljast miklu betri og heilbrigðari stefna.

En ég kynntist átökum múslima, kristinna manna og gyðinga á frumlífs jörð minni, ykkar hnetti, og á nokkrum fyrstu framlífs hnöttum mínum, og ástandið fór ekki batnandi heldur versnandi fyrst í stað, þar sem ég sannfærðist um hefndina, eins og svo margir í umhverfi mínu, og var bundin því að fá réttlæti, þar til ég gat með æðri hjálp slitið á þau bönd hefndarinnar og fyrirgefið og litið á þessa erfiðu sögu mína sem lærdóm og þá fór ég að endurmeta guðina okkar fornu og taka trú á þá og breytti það lífi mínu.

Ég átti mjög erfitt með að sætta mig við það hvernig ég fór af frumlífs jörð minni og erfitt með að sætta mig við ýmsar aðstæður sem þar voru.

Var uppi á Grikklandi fyrir um það bil sex hundruð árum og vorum við kristinnar trúar í laumi og af blönduðum salvneskum og grískum ættum, og lést ég í grimmilegri árás múslima sem voru að ná landsvæði okkar á sitt vald.

Og Grísk kona, og nafn mitt er Evangeliste, hef ég eftir að ég komst á lífstefnu brautina, reynt að finna ástæður fyrir þessum voðaverkum sem eru framin á hinum ýmsu stöðum og bæta ástandið og sinnt hjúkrunarstörfum og ýmsu öðru.

Og tengslin sem myndast við fólk eru margvísleg og þarf að vinna úr því öllu og vinna að því að efla hinar jákvæðu kenndir og minnka hinar neikvæðu.

Og tók það mig langan tíma að finna fyrir orku og veruleika hinna fornu guða okkar og var það mér mikil upplifun og hafa þau mikið hjálpað okkur og á ég samt vini og kunningja meðal minna gömlu trúbræðra enda hef ég bæði verið múslimi og kristin á fyrstu framlífs hnöttum mínum.

Og var það um skeið erfitt að losna undan sumum þeirra áhrifum, vegna þess að dauðasök gegn því að yfirgefa múslima hreyfinguna.

Já það er ýmislegt sem hægt er að rifja upp og vildi ég óska þess að ég gæti farið ofan í það í smáatriðum hvernig mér hefur tekist að snúa lífinu á réttan kjöl og hjálpað öðrum og magnast af orku og kærleika og hversu margt er hægt að læra hér í framlífi.

En finn ég að það er of hátt stefnt og mun það ekki takast, heldur ætla ég að minnast á eitt atriði áður en ég kveð ykkur, sem varpar ljósti á það hversu djúp sporin eru hjá okkur sem höldum áfram frá einum hnetti til annars, hversu djúp sporin eru frá frumlífs jörðinni og mikilvægt er að vinna úr þeim atburðum sem þar gerast.

Líkamnaðist ég á jörð þar sem stríðsástand var á fyrsta framlífs hnetti mínum og fæddi ég þar barn mitt sem hafði dáið með mér á frumlífs jörð minni ófætt og átti það eftir að lenda í stríðs menningu hnattarins og get ég ekki farið út í það í smáatriðum, en tók það mig nokkuð langan tíma að vinna úr þeim vandamálum sem það hafði í för með sér að lenda í þessari hringiðu stríðsátaka og hefndarþorsta.

Og þegar ég löngu síðar í fjórða og fimmta framlífi mínu gat eignast friðsamlegra samband við þessa fjölskyldu meðlimi mína sem ég hafði tengst í frumlífi mínu, gat ég betur róað mig og fengið kærleiksríkara hugarþel í framhaldi á næstu framlífs jörðum.

Já ég vildi koma þessu að, hversu stríð eru hörmuleg og býst ég við að þetta sé nóg í bili, þakka ég kærlega fyrir mig og óska ykkur farsældar og vona ég að þið megið magnast af orku okkar sumuleiðis.

*Má ég spurja þig einnar spurningar ?*

Já ég skal reyna að svara.

*Hvar á Grikklandi varst þú uppi ?*

Þessalóníku.

*Já já. Þetta var stórfroðleg frásögn, þakka þér fyrir.*

Þakka ég fyrir verið þið sæl.

*Vertu sæl.*